

85. fundur umhverfis- og framkvæmdanefndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 21. maí 2019 og
hófst hann kl. 08:10.

Fundinn sátu:

Nanný Arna Guðmundsdóttir formaður, Steinunn Guðný Einarsdóttir varaformaður, Aðalsteinn Egill Traustason aðalmaður og Magnús Einar Magnússon aðalmaður.

Embættismenn:

Hálf dán Bjarki Hálf dánsson, upplýsingafulltrúi, Ralf Trylla, umhverfisfulltrúi og Brynjar Þór Jónasson, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs.

Fundargerð ritaði: Hálf dán Bjarki Hálf dánsson, upplýsingafulltrúi.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun 2020 - 2019030031

Umræður um gjaldskrár ársins 2020.

Umhverfis- og framkvæmdanefnd leggur til við bæjarstjórn að gjöld hækki ekki umfram tilmæli Sambands íslenskra sveitarfélaga á árinu 2020. Tilmælin gera ráð fyrir því að gjöld hækki ekki umfram 2,5% en minna ef verðbólga verður lægri.

2. Aðgerðir Ísafjarðarbæjar í loftslagsmálum - 2018110005

Rætt um nýja umhverfisstefnu Ísafjarðarbæjar, uppfærða með hliðsjón af alþjóðlegum heimsmarkmiðum um sjálfbæra þróun.

Nefndin ákveður eftir umræðu um efni stefnunnar að taka málið fyrir að nýju á næsta fundi sínum.

3. World Oceans Day 2019 - 2019050053

Lagt fram kynningarbréf Rheanna Drennan um alþjóðlega hafdaginn, World Oceans Day 2019, sem verður 8. júní. Í bréfinu koma m.a. upplýsingar um viðburð sem nemendur úr Háskólasetri Vestfjarða og fleiri eru að skipuleggja og beiðni um smávægilega aðstoð í formi ráðgjafar og afnota af landi.

Umhverfis- og framkvæmdanefnd þakkar kærlega fyrir gott framtak og felur umhverfisfulltrúa að aðstoða aðstandendur viðburðarins.

4. Umferðaröryggisáætlun Ísafjarðarbæjar - 2010120030

Umræða um hraðatakmarkandi aðgerðir á Þingeyri.

Umhverfisfulltrúa falið að fylgja eftir áformum um aðgerðir.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:30

Nanný Arna Guðmundsdóttir

Steinunn Guðný Einarsdóttir

Aðalsteinn Egill Traustason

Magnús Einar Magnússon

Hálf dán Bjarki Hálf dánsson

Ralf Trylla

Brynjar Þór Jónasson